

Atvinnuveganefnd Alþingis
Málsnúmer: 2012100012
Númer skjals: SKJAL-000223
Skráð: 13. desember 2012
Eigandi skjals: Elías Blöndal Guðjónsson

Varðar breytingartillögu ANR við frumvarp um breytingu á búnaðarlögum og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (leiðbeiningarþjónusta, búvörusamningar o.fl.) þskj. 562 - 448. mál.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur lagt fram ósk um breytingu á 9. gr. frumvarpsins, erindi nr. P 141/978, dags. 11. desember 2012.

Vegna þessa erindis ráðuneytisins vilja Bændasamtök Íslands benda á eftirtalið:

- i. Það er hluti af starfsumhverfi landbúnaðarins að bætur vegna niðurskurðar á búfé vegna A-sjúkdóma séu greiddar úr ríkissjóði, þar með talið afurðatjón og hreinsunarkostnaður. Þær aðstæður sem um ræðir í ákvæði til bráðabirgða W. í búvörulögum eru alls óskyldar þeim sem skapast þegar A-sjúkdómar koma upp.
- ii. Um undantekningu er að ræða í tilfelli riðu, þar sem um er samið í búvörusamningi um starfsskilyrði sauðfjárrækar að beingreiðslur haldist.
- iii. Niðurskurður vegna A-sjúkdóma er ákvörðun sem stjórnvöld taka vegna almannahagsmuna og nauðsynlegt er að aðrir hagsmunir blandist ekki með óskýrum hætti í þá ákvörðun. Ákvörðunin þarf þess vegna að vera á ábyrgð og kostnað ríkissins.
- iv. Bændasamtök Íslands áréttta mikilvægi þess að bætur verði greiddar vegna niðurskurðar vegna smitandi barkabólgu.
- v. Fordæmisgefandi lagabreytingar á borð við þær sem lagðar eru til í ofangreindu erindi er eðlilegt að teknar séu til umræðu á samningsvettvangi ríkis og bænda. Frumvarpið var unnið í ráðuneytinu í samráði við Bændasamtök Íslands og þess vegna er afar óþægilegt að breytingartillögur á borð við þessa séu lagðar fram án vitundar Bændasamtaka Íslands við þinglega meðferð málsins. Þá er fyrirvari til viðbragða af hálfu Bændasamtaka Íslands afar skammur.